

Er að hægja á í íslensku efnahagslífi?

Langvarandi veikindi á vinnumarkaði


Verðbólgan á Íslandi

Bygging íbúðarhúsnæðis

HAGTÖLUR VR

Meðalheildarlaun VR	590.694 kr.
Launavísitala VR, breyting seinustu 12 mánuði	6,3%
Kaupmáttarvísitala VR, breyting seinustu 12 mánuði	3,3%
Atvinnuleysi félagsmanna VR	2,2%
Fjöldi félagsmanna VR	35.856

Fjöldi byggingakrana og skuldir heimila og fyrirtækja



Efnahagsyfirlit VR er gefið út í tengslum við mánaðarlega stjórnarfundir félagsins. Yfirlitið er samantekt á hagtölum og öðru efni sem tengist vinnumarkaðs- og kjaramálum og er tilgangurinn að upplýsa og fræða félagsmenn um stöðu þjóðhagsmála hverju sinni.

Er að hægja á í íslensku efnahagslífi?

Ýmsir hagvísar benda nú til þess að þeim mikla uppgangi sem verið hefur í íslensku efnahagslífi sé lokið. Mynd 1 sýnir að hlutfall starfandi hefur lækkað allt frá apríl 2017. Þá sýnir myndin einnig að atvinnuleysi hefur aukist örlítið á sama tímabili.


Þá hefur hægt á hækkunum húsnæðisverðs, sem þó eru enn miklar. Mynd 2 sýnir hækkun húsnæðisverðs umfram útborguð laun félagsmanna VR. Í seinustu uppsveiflu, 2003 – 2007, hækkaði fasteignaverð langt umfram útborguð laun og var bólan á fasteignamarkaði vel sýnileg strax árið 2005. Sú bóla var þó byggð á mikilli aukningu í skuldum heimilanna. Núverandi hækkun fasteignaverðs er vegna lítills framboðs fasteigna en ekki eins mikið vegna aukningar í skuldum.

Einnig hefur hægt nokkuð á hagvexti líkt og mynd 3 sýnir. Hagvöxtur á fjórða árfjórðungi 2017 var 1,5% sem er töluvert minna en ársfjórðungana á undan. Fyrir árið 2017 í heild var hagvöxtur á mann (hagvöxtur að teknu tilliti til aukningar í mannfjölda) aðeins 1,1%. Það er nokkuð undir 1,7% meðalhagvexti á mann frá 1990.


Gengi krónunnar er einnig nokkuð sterkt sögulega séð. Sterkt gengi er tvíeggja sverð. Annars vegar er sterkt gengi jákvætt fyrir verðlagsþróun og heldur verðbólgunni í skefjum. Hins vegar hefur sterkt gengi neikvæð áhrif á útflutningsgreinarnar svo sem ferðamannaíðnaðinn og sjávarútveginn.

Það hefur færst í aukana að líta til fjölda byggingakrana sem vísbendingu um stöðu efnahagslífsins. Hagfræðingurinn Robert Z. Aliber heimsótti Ísland fyrir hrun og sagði að við þyrftum aðeins að telja kranana til að átta okkur á ástandinu. Mynd 4 (næsta síða) sýnir fjölda byggingakrana á hverjum ársfjórðungi. Dökkbláa línan sýnir fjöldann þegar búið er að árstíðarleiðrétta tölurnar. Ljósbláa línan sýnir leitni. (Sjá hugtakalista aftast fyrir árstíðarleiðréttingu og leitni.) Gula línan sýnir svo skuldir heimila og fyrirtækja sem hlutfall af landsframleiðslu. Mynd 4 sýnir því glögglega að það er mikil uppsveifla í íslensku efnahagslífi og töluverður fjöldi er af byggingakrönum. Hagkerfið er þó ekki eins brothætt og það var fyrir hrun þar sem skuldir heimila og fyrirtækja eru mun lægri en á þeim tíma. Seinast þegar þessi þróun sem talin er upp að ofan átti sér stað var eitt stærsta efnahagshrun Íslandssögunnar rétt handan við hornið. Það er því eðlileg spurning hvort annað hrun sé í vændum.

Mynd 1 – Verðbólga og atvinnuleysi á Íslandi




Mynd 2 – Húsnæðisverðshækkun umfram laun



Mynd 3 – Hagvöxtur eftir ársfjórðungum


Breyting m.v. sama ársfjórðungi árið á undan



Annað hrun í vændum á Íslandi?

Eitt er víst og það er að annað hrun/niðursveifla mun eiga sér stað á Íslandi. Stóra spurningin er hins vegar hvenær það muni gerast. Þó margir hagvísar bendi til þess að farið sé að hægja á í íslensku efnahagslífi líkt og 2008 er ólíklegt að 2019 muni líta út líkt og 2009. Helsta ástæðan er töluvert hagstæðari skuldastaða heimila og fyrirtækja. Árin fyrir hrunið árið 2008 einkenndust af mikilli aukningu í skuldsetningu fyrirtækja og heimila. Aukningin leiddi til hækkunar á eignaverði og aukins hagvaxtar. Næsta kreppa á Íslandi verður eflaust innflutt, þ.e. kreppa erlendis sem smitast muni til Ísland, frekar en að vera heimatilbúin líkt og seinast.

Mynd 4 – Fjöldi byggingakrana og skuldir einkageirans




Nær fjórðungur á vinnumarkaði með langvinn veikindi

Tæplega fjórði hver maður á vinnumarkaði á Íslandi glímdi við langvarandi veikindi eða heilsufarsvandamál á árinu 2015 að því er fram kemur í tölum evrópsku hagstofunnar. Það vekur óneitanlega athygli hversu há þessi tala er en hún er engu að síður lægri en á flestum hinna Norðurlandanna en þar var hlutfallið hæst í Finnlandi, um þriðjungur. Hlutfallið var lægst í Danmörku þar sem það var um fimmtungur, eins og sjá má á mynd 5. Í löndum Evrópusambandsins var hlutfallið svipað og á Íslandi. Hafa verður í huga að tölur fyrir hin Norðurlöndin og ESB miða hér við árið 2016 en við árið 2015 fyrir Ísland.

Þessar tölur byggja á niðurstöðum úr samræmdri evrópskri lífskjararannsókn sem Hagstofa Íslands tekur þátt í¹. Alls sögðust um 30% Íslendinga hafa átt í langvinnum veikindum eða heilsufarsvandamálum á árinu 2015 og taka þær tölur til aðila **bæði** á vinnumarkaði og utan hans. Þetta hlutfall hefur ekki verið hærra í þessum mælingum frá árinu 2004. Lægst var hlutfallið árið 2007, 18%. Hlutfallið er hærra meðal kvenna, 35% á móti 25% meðal karla.

Þegar litið er til kynjanna á vinnumarkaði kemur í ljós að fleiri konur en karlar glímdu við langvarandi heilsufarsvandamál á árinu 2015 eða 26,4% en 20,4% karla. Aukningin er jafnframt skarpari meðal kvenna en karla. Sama á við um hin Norðurlöndin og ESB, hlutfallið er hærra meðal kvenna.

Mynd 5 – Langvarandi veikindi / heilsufarsvandamál á vinnumarkaði



Heimild: Eurostat. Miðað er við fólk á vinnumarkaði (e: employed persons). Tölur vantar fyrir Ísland árin 2013 og 2016 og 2008 og 2009 fyrir ESB.


¹ Spurningin í könnuninni var svohljóðandi: „Ert þú með einhver langvarandi veikindi eða heilsufarsleg vandamál? Með langvarandi er átt við veikindi eða vandamál sem hafa varað eða er reiknað með að muni vara í 6 mánuði eða lengur.“ Heimild: Hagstofa Íslands.

Verðbólgan á Íslandi

Verðbólgan í mars 2018 var 2,8%. Það er hæsta verðbólga frá því í byrjun árs 2014. Undanfarin ár hefur styrking krónunnar skilað sér í lægri verðbólgu en ella. Á móti hefur húsnæðisverð haldið verðbólgunni uppi. Frá því um mitt ár 2017 hafa áhrif af gengisstyrkingu krónunnar verið að fjara út líkt og mynd 6 sýnir. Minni og minni dökkbláar súlur þýðir að verð á innfluttum vörum er ekki að lækka eins mikið og það hefur gert. Fari dökkbláu súlurnar yfir núll þýðir það að verð á innfluttum vörum auki verðbólguna. Það sem gæti valdið hærri verðbólgu á næstu mánuðum væri áframhaldandi hækkun fasteignaverðs og lítil sem engin áhrif af verði innfluttra vara. Krónan á það til að styrkjast yfir sumarmánuðina en það er þó ekki fast í hendi. Fari svo að krónan styrkist næstu mánuðina er líklegt að verðbólga verði í kringum 2,5% markmið Seðlabankans.

Framboð af fasteignum hefur aukist nokkuð undanfarið og slegið á hækkanir fasteignaverðs. Það eru því einhverjar líkur á því að fasteignaverð muni ekki þrýsta verðbólgunni eins mikið uppávið og raunin var 2017.

Mynd 6 – Verðbólga eftir eðli og uppruna



Hvað er verðbólga?

Verðbólga er mæling á því hversu mikið vörur og þjónusta sem íslensk heimili kaupa hefur hækkað í verði. Alla jafna er átt við verðhækkun seinustu tólf mánuði. Hagstofa Íslands gerir neyslukönnun meðal íslenskra heimila. Hvert heimili heldur nákvæmt bókhald í tvær vikur um það hvað er keypt, hvar varan er keypt og hversu mikið hún kostaði. Þá er sérstaklega spurt um stærri útgjöld líkt og bifreiðakaup.


Niðurstaðan úr þessari rannsókn Hagstofunnar er upplýsingar um 20.000 verð á um 4.000 vörum. Þessar upplýsingar eru svo dregnar saman í eina tölu sem lýsir því hver verðbólgan er í hverjum mánuði.

Vörur fá mismikið vægi í útreikningum á verðbólgu. Vægið fer eftir því hversu stór partur af útgjöldum heimilanna fer í kaup á viðkomandi vöru. T.d. fer stór hluti útgjalda í matvæli og því fá þau mikið vægi. Menntun er ekki stór hluti í útgjöldum heimila og því fær menntun lítið vægi. Það þýðir að ef kostnaður menntunar hækkar mjög mikið hefur það takmörkuð áhrif á verðbólguna.

Bygging íbúðarhúsnæðis


Í kjölfar efnahagshrunsins 2008 stöðvaðist nær alveg bygging íbúðarhúsnæðis á Íslandi. Á tímabilinu 1970 – 2008 var byrjað að byggja um 2.000 íbúðir á hverju ári eða tæplega 80 á hverja 10.000 landsmenn. Mynd 7 sýnir fjölda íbúða á hverja 10.000 Íslendinga. Eftir hrun, 2009 – 2011, var byrjað að byggja um 7 íbúðir að meðaltali á hverja 10.000 íbúa. Á árunum eftir hrun myndaðist því gífurleg uppsöfnuð fjárfestingarþörf á íbúðarhúsnæði. Markaðurinn tók rólega við sér og var það ekki fyrr en árið 2017 sem töluverð aukning var í fjölda íbúða sem byrjað var að byggja. Skýr merki eru um mikla uppbyggingu árið 2017 þegar byrjað var á 82 íbúðum á hverja 10.000 Íslendinga en það er yfir meðaltalinu 1970 – 2008. Enn er nokkuð í að hámarkinu fyrir hrun verði náð en árin 2005 – 2007 var byrjað á tæplega 140 íbúðum á hverja 10.000 íbúa.

Mynd 7 – Fjöldi íbúða sem byrjað var að byggja og fjöldi sem voru fullgerðar frá 1970 - 2017




Mælaborð Efnahagsyfirlits VR

Kaupmáttarvísitala VR og Hagstofu




Væntingavísitala Gallup

Gildi yfir 100 þýðir að fleiri séu bjartsýnir en svartsýnir á stöðu efnahagsmála




Verðbólga með og án húsnæðis

Gráa svæðið sýnir efri og neðri mörk verðbólgu markmiðs Seðlabanka Íslands




Verðbólga og verðbólgu spá til næstu þriggja mánaða

Meðaltal af spám stóru viðskiptabankanna þriggja




Raunverð húsnæðis á höfuðborgarsvæðinu

Verð á húsnæði á höfuðborgarsvæðinu leiðrétt með vísitölu neysliverðs án húsnæðis




Húsnæðisverð miðaða við útborguð laun félagsmanna VR Þega línan hækkar þá er húsnæðisverð að hækka umfram útborguð laun félagsmanna VR




Mælaborð Efnahagsfirlits VR

Vextir fasteignalána og stýrivextir Seðlabankans



Útlán til heimila og fyrirtækja


Myndin sýnir útlán sem hlutfall af landsframleiðslu. Ekki er tekið tillit til útgefna markaðsskuldabréfa²



Sæðlabanki Íslands, Hagstofa Íslands og útreikningar VR


Uppsafnaður fjöldi erlendra ferðamanna

Hver punktur táknar heildarfjölda ferðamanna það sem af er ári



Gengi nokkurra gjaldmiðla og gengisvísitalan

Vísitölurnar sýna hvað ein eining af viðkomandi gjaldmiðli kostar





Heimild: Sæðlabanki Íslands

Atvinnuleysi meðal félagsmanna VR og samkvæmt Vinnumálastofnun

Vinnuskipti félagsmanna VR

Myndin sýnir hlutfall félagsmanna sem skipta um vinnu í hverjum mánuði meðal fyrirtækja innan VR

² Gögnin eru skuld við lífeyrissjóði, útlán innlánsstofnana og útlán ýmissa lánaþyrirtækja (þ.m.t. Íbúðalánasjóður)



Hugtakasafn

Árstíðarleiðrétting

Árstíðarleiðrétting er tölfræðileg aðferð sem er notuð á gögn sem sveiflast mikið í kringum ákveðna tíma árs. Dæmi um þetta er t.d. launaupplýsingar. Í maí er greidd út orlofsuppbót og í nóvember er greidd út desemberuppbót. Meðallaun félagsmanna VR hækka því í maí og nóvember. Þar sem þetta eru ekki varanlegar hækkanir á launum félagsmanna þá er eðlilegt að taka þær burtu. Það er gert með árstíðarleiðréttingu.

Leitni

Leitni svipar til árstíðarleiðréttingar nema það er gengið skrefinu lengra. Þó búið sé að árstíðarleiðrétta gögnin sem unnið er með þá gæta enn verið miklar sveiflur milli mánaða í gögnunum. Leitni tekur í burtu nánast allar sveiflur í þeim gögnum sem unnið er með og því fæst sléttur ferill/lína í stað línu sem sveiflast mikið milli mánaða.

Hagvöxtur

Hagvöxtur lýsir hversu mikið landsframleiðsla breytist milli tveggja tímabila, yfirleitt eins árs. Landsframleiðsla mælir verðmæti vara og þjónustu sem framleitt er í viðkomandi landi.